

104. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn mánudaginn 27. febrúar 2023, kl. 13:00 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir, Friðrik Ómarsson, Ólafur Björnsson og Teitur Erlingsson. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn. Þá var Steinn S. Finnbogason, lögfræðingur frá lögfræðideild stjórnssýslusviðs Kópavogsbæjar viðstaddur fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 13:10 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 103. stjórnarfundar var lögð fram. Fundargerðin var send fundarmönnum til yfirlestrar fyrir fundinn og hafði fundarritari uppfært fundargerðina m.t.t. athugasemda við orðalag. Stjórnarformaður gerði athugasemdir við að tillögur um aðgerðir til tekjuauka og kostnaðarhagræðingar í rekstraráætlun, sem sett var fram á fundinum, kæmu ekki nægilega vel fram í fundargerð og var þeim tillögum bætt inn í fundargerðina. Lagðar voru til frekari breytingar á orðalagi á 3. lið sem voru samþykktar. Uppfærð fundargerð 103. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Uppfærð rekstraráætlun 2023

Stjórnarformaður lagði fram uppfærða útgáfu af rekstraráætlun Markaðsstofunnar og Skóp fyrir árið 2023 þar sem gert er ráð fyrir að starfsemi Markaðsstofu Kópavogs verði lögð niður en að starfsemi Skóp verði haldið áfram að Hlíðarsmára 10. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarstyrkur Kópavogsbæjar á árinu verði kr. 11.000.000,- kr. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir því að framkvæmdastjóri vinni uppsagnarfrest sinn út ágústmánuð og að starfsmaður verði ráðinn í hlutastarf frá og með 1. september nk. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 19,4- m.kr. og að afkoma verði jákvæð (nálægt núlli).

Umræður urðu um uppfærða rekstraráætlun Markaðsstofu Kópavogs og Skóp. Tillaga kom fram um að fresta afgreiðslu málsins þangað til bæjarráð Kópavogs hafi tekið erindi Markaðsstofunnar til efnislegrar meðferðar (sjá erindið í 5. lið hér að neðan). Samþykkt var að fresta afgreiðslu málsins.

4. Uppsögn framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri vék af fundi. Teitur Erlingsson tekur við ritun fundargerðar.

Uppsögn framkvæmdastjóra rædd af fundarmönnum. Rætt um að uppsögn eigi sér stað með fyrirvara um fjármögnun frá Kópavogsbæ og að ekki berist aukið fjármagn til stofnunarinnar. Kosið um að uppsögn eigi sér stað, með þeim fyrirvara að forsendur breytist ekki og aukið fjármagn frá Kópavogsbæ berist ekki. Tillagan samþykkt með fimm atkvæðum gegn einu, einn situr hjá. Ólafur Björnsson kys gegn uppsögn framkvæmdastjóra og telur hana ótímabæra í ljósi ágreinings sem uppi er um stjórnssýslu og skuldbindingar Kópavogsbæjar gagnvart Markaðsstofunni og SKÓP. Fundarmenn tala um að óþægilegt sé að vera milli steins og sleggju og að Kópavogur setji stjórn í óþægilega stöðu. Stjórnarformanni falið að útbúa uppsagnarbréf og afhenda framkvæmdastjóra eigi síðar en 28. febrúar.

Rætt um framtíð SKÓP í ljósi niðurskurðar á fjármagni. Tækifæri í fjölgun þátttakenda, ekki almenn vitneskja um að aðstaðan sé til staðar, þörf sé á atvinnuhúsnæði. Lykilatriði þar sé markaðssetning.

Gestur fundarins Steinn S. Finnbogason yfirgaf fundinn.
Framkvæmdastjóri kom aftur inn á fundinn og tekur við ritun fundargerðar.

5. Tillaga að erindi til bæjarráðs Kópavogs

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að erindi til bæjarráðs Kópavogs vegna lokunar á starfsemi Markaðsstofunnar sem hljóðar þannig:

„Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs, fyrir hönd stjórnar, vill benda fulltrúum í bæjarráði Kópavogs á 102. og 103. fundargerðir stjórnar Markaðsstofu Kópavogs þar sem fram kemur að bærarstjóri Kópavogs hafi tilkynnt framkvæmdastjóra og fulltrúum Kópavogsbæjar í stjórn félagsins að ákvörðun hafi verið tekin um að leggja starfsemi Markaðsstofu Kópavogs niður.

Stjórn Markaðsstofunnar óskaði eftir því við bærarstjóra að fá að gera tillögur um hvernig loka megi Markaðsstofunni en halda áfram rekstri atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp með stuðningi Kópavogsbæjar, en setrið er í dag rekið sem deild innan Markaðsstofunnar.

Óskað er eftir tillögum frá Bæjarráði Kópavogs um hvernig loka megi Markaðsstofu Kópavogs sómasamlega, þannig að tekið verði fullt tillit til þeirra skuldbindinga sem á félaginu hvíla og halda starfsemi atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp áfram á kennitölu Markaðsstofunnar.“

Tillaga að erindi til bæjarráðs var samþykkt með 6 atkvæðum en einn sat hjá. Framkvæmdastjóra var falið að senda erindið strax inn til Kópavogsbæjar til að það komist á dagskrá fundar bæjarráðs fimmtudaginn 2. mars nk.

5. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.